

Fundargerð ferðamálaráðs

7. fundur – 8. desember 2006.

Kl. 13-14:30 í samgönguráðuneytinu.

Mættir:

Einar Oddur Kristjánsson (EOK), Gunnar Már Sigurfinnsson (GMS), Lára B. Pétursdóttir (LBP), Gunnar Sigurðsson (GS), Dagur B. Eggertsson (DBE), Pétur Rafnsson (PR), Dóra Magnúsdóttir (DM), Helga Haraldsdóttir (HH), Sturla Böðvarsson (SB), Kristrún Lind Birgisdóttir (KLB), Ingilín Kristmannsdóttir (IK), Sigurður Unnar Einvarðsson (SUE), Magnús Oddson (MO)

– DBE vék af fundi kl. 14:00

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar, 3. nóvember sl.
2. Fjármunir til markaðsmála á árinu 2007. *Sturla Böðvarsson samgönguráðherra mun gera grein fyrir stöðu mála.*
3. Önnur mál

Gögn afhent / lögð fram á fundinum:

- Fundargerð 6. fundar ferðamálaráðs frá 3. nóvember 2006
- Afrit kynningar MO á tillögum að notkun opinberra markaðsfjármuna fyrir árið 2007
- Skoðanakönnun framkvæmd af Capacent fyrir ferðamálastofu

Eftirfarandi fór fram:

1. *Fundargerð 6. fundar ferðamálaráðs frá 3. nóvember 2006 var lögð fram og var samþykkt einróma án athugasemda.*
2. *Fjármunir til markaðsmála á árinu 2007*

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra tók til máls og gerði grein fyrir stöðu mála í framhaldi af tillögum ferðamálaráðs sem fram komu á fundi ráðsins þann 3. nóvember sl. Kom fram í máli ráðherra að árangur ferðaþjónustunnar væri aðáunarverður og vakti hann m.a. athygli á 13% fjölgun gistinátta á hótelum landsins í október í ár miðað við árið í fyrra. Varðandi tillögur ferðamálaráðs frá seinasta fundi tók ráðherra undir mikilvægi þess að eiga samstarf við sjávarútvegsráðuneytið varðandi tilhögun frekari hvalveiða Íslendinga í framtíðinni. Einnig væri þörf á rannsókn á áhrifum hvalveiða á ferðaþjónustuna og hefur ráðherra falið Ferðamálastofu að hefja undirbúning slíkrar rannsóknar með því að kalla eftir tillögum og tilboðum í verkið. Þá hefur samgönguráðuneytið farið fram á það við Ferðamálastofu að hún stofni samráðshóp f.h. ráðuneytisins sem allra fyrst. Varðandi tillögur ferðamálaráðs um að auknu fjármagni, 300 milljónum á ári, verði veitt til markaðssóknar og landkynningar væri ljóst að það fjármagn fengist ekki á fjárlögum fyrir komandi ár. Taldi ráðherra að önnur mikilvæg mál fyrir ferðaþjónustuna hefðu hins vegar fengist í gegn við þessa fjárlagagerð, til að mynda lækkan virðisaukaskatts á veitingaþjónustu, hótलगistingu og matvælum sem mun væntanlega koma ferðaþjónustunni til góða með bættu rekstrarumhverfi og aukinni samkeppnishæfni.

Ráðsmenn lýstu yfir miklum vonbrigðum með þau skilaboð ráðherra að ekki fengist meira fé til landkynningar en raunin varð og áhyggjum yfir því að þessi ákvörðun gerði ómögulegt að grípa til forvarna gegn mögulegum neikvæðum áhrifum hvalveiða á ímynd Íslands á erlendum mörkuðum.

Formaður ráðsins sagði að ekki væri útilokað að Alþingi samþykkti að veita auknum fjármunum til markaðsaðgerða á árinu 2007 ef fram kæmu gögn sem sýndu að áhrif hvalveiða hefðu neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna. Eðlilegt væri að taka umræðuna um fjárlögin upp aftur ef t.d. fyrirhuguð markaðsrannsókn á áhrifum hvalveiða á ferðaþjónustuna sýndi fram á neikvæð áhrif.

Þá kynnti MO tillögur að notkun opinberra markaðsfjármuna fyrir árið 2007, en þeir fjármunir eru 223 milljónir, þar af 113 milljónir þá þegar bundnar í gildandi samningum við samstarfsaðila. Tillögur Ferðamálastofu snéru því að notkun þeirra 110 milljóna sem tiltækar eru fyrir 2007. Ferðamálastofa gerir ekki ráð fyrir að fjármunum sé varið með beinum hætti til aðgerða vegna mögulegra áhrifa hvalveiða í tillögum sínum heldur til almennrar markaðssóknar.

Ráðsmenn samþykktu tillögu Ferðamálastofu um ráðstöfun markaðsfjármuna 2007 en ítrekuðu jafnframt afstöðu sína um að um of litla fjármuni væri að ræða og mun meiri fjármuna væri þörf, sérstaklega til að bregðast við áhrifum hvalveiða á ferðaþjónustuna og ímynd landsins.

Að endingu var samþykkt að eftirfarandi skyldi fært til bókar og sent samgönguráðherra Sturlu Böðvarssyni:

*Reykjavík, 8. desember 2006
Hr. Samgönguráðherra
Sturla Böðvarsson*

Efni: Tillaga ferðamálaráðs vegna ráðstöfunar markaðsfjármuna árið 2007.

Ferðamálaráð ítrekar fyrri tillögu sína til samgönguráðherra þar sem lagt er til að stóruauknu fé verði varið til landkynningar þegar á árinu 2007. Sérstaklega í ljósi hugsanlegra áhrifa hvalveiða á ímynd Íslands á erlendum mörkuðum. Ferðamálaráð leggur til að framlag stjórnvalda til markaðsmála verði aukið um 200 m.kr. á næsta ári svo tillaga ráðsins frá 3. nóvember sl. nái fram að ganga.

*f.h ferðamálaráðs,
Einar Oddur Kristjánsson,
formaður*

3. Ekki voru önnur mál rædd á 7. fundi ferðamálaráðs

Næsti fundur:

Stefnt er að halda næsta fund ferðamálaráðs í upphafi nýs árs, en fundartími hefur ekki verið ákveðinn.

Fundargerð ritaði SUE.